## 1. Eistnaskoðun stóðhesta.

Helstu áhersluatriði eru eftirfarandi:

- Stinnleiki eistna.
  - I Góður stinnleiki, eistað þétt og fast viðkomu.
  - II Þokkalegur stinnleiki, eistað sæmilega vel þétt viðkomu.
  - III Stinnleiki ekki fyrir hendi, eistað lint og mjúkt (Rautt T).
- Snúa eistun rétt, eistnalyppur eiga að vera aftaná eistanu (Bæði eistun snúin = Rautt T).
- Ekkert eista eða aðeins eitt (Rautt T).
- Eistu óeðlilega smá (sjá m.a. til viðmiðunar reglu um lágmarks TSW = rautt T).
- Annað eistað mikið minna en hitt, 50% munur eða meira að rúmmáli (Rautt T). Reikniregla = 0,5233 x LxBxH í cm.
- Heildarbreidd pungs TSW minna en 8 cm (Rautt T).
- Þarmar finnast í pung (Rautt T).
- Ef ekki er hægt að mæla eða meta eistun á fullnægjandi hátt, þá er gult T skráð í WorldFeng og eigandi hestsins fær tvær vikur til að skila dýralæknisvottorði um eistna heilbrigði gripsins til hrossaræktarráðunauts. Eftir þann tíma er rautt T skráð hjá hestinum.